

Stjórnlagaráð  
Sif Guðjónsdóttir  
Ofanleiti 2  
103 Reykjavík

15. júlí 2011

Efni: Ósk Stjórnlagaráðs um umsögn um „tillögudrög“

Vísað er í erindi yðar fyrir hönd Stjórnlagaráðs sem barst með tölvupósti 2. júlí sl. þar sem leitað er umsagnar ráðuneytisins um drög að tillögum um ákvæði í stjórnarskrá er varða verkefni ráðuneytisins og er einkum bent á greinar 27 – 30 í drögunum.

Ráðuneytið tekur ekki afstöðu til þess hvað eðlilegt sé eða æskilegt að taka upp í stjórnarskrána, nema hvað varðar 28. greinina, en vill aðeins velta upp til umhugsunar nokkrum atriðum varðandi merkingu umræddra greina í drögunum og hvaða þýðingu þær geta haft.

27. “Náttúra Íslands er friðhelg.”

Orðskýringu vantar. Ef lagt er upp með hefðbundna skilgreiningu á orðinu friðhelgi getur það hamlað eðlilegum nytjum.

“Öllum skal með lögum tryggður réttur á heilnæmu umhverfi ...”

Ekki liggur fyrir hvaða áhrif ákvæðið hefur á skyldur stjórnvalda við náttúruvá eða hverjar afleiðingar þess eru þegar ekki tekst vegna óumflýjanlegra aðstæðna að tryggja einstaklingi heilnæmt umhverfi.

28.

Ákvæði um að náttúruauðlindir, sem ekki eru í einkaeign, skuli vera ævarandi eign þjóðarinnar er í samræmi við stefnumörkun starfshóps sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði sumarið 2009 til að endurskoða fiskveiðilöggjöfina. Meirihluti hópsins mælti með því „að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vísi því áfram til skipuleggjenda stjórnlagapings að ákvæði um náttúruauðlindir í þjóðareign verði skilgreint og fái stað í stjórnarskrá lýðveldisins“ eins og segir í skýrslu hópsins. Ráðuneytið sendi þetta erindi til undirbúningsnefndar stjórnlagapings með bréfi dags. 27. október 2010 ásamt fylgigögnum, sem finna má á heimasíðu ráðuneytisins ([www.sjavarutvegsraduneyti.is/utgefidefni/nr./10233](http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/utgefidefni/nr./10233)). Mælt er með því að umrætt ákvæði verði tekið upp í stjórnarskrána.

30.

“Við nýtingu dýrastofna og annars lífríkis skal gæta virðingar fyrir öllum lifandi verum.”

Hér er ekki ljóst hvað „virðing fyrir öllum lifandi verum” felur í sér og samrýmist t.d. baráttu gegn meindýrum, sýkingu, illgresi o.s.frv. E.t.v. mætti hér vísa til almennrar virðingar fyrir lífríki og náttúru, sbr. 27. grein.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd ráðherra,

Sigurgeir Þorgeirsson